



# Bygðastofnun

## Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1265  
komudagur 16.3.2010

Dagsetning  
15.03.2010

Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um yfirlýsingu um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, mál 332.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun fagnar því að vinna eigi sóknaráætlun fyrir landið allt og einstök svæði. Jafnframt er jákvætt að horft sé til langs tíma og að í áætluninni séu kynjasjónarmið og sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi. Markmiðin eru háleit og það verður ekkert áhlaupaverk að ná þeim öllum. Sóknaráætlun er ætlað að samþætta ýmsar lögbundnar áætlanir og áætlanir sem eru ekki lögbundnar og því vaknar sú spurning hvort ekki hefði verið réttara að lögbinda sóknaráætlun í stað þess að flytja um hana þingsályktun. Eðlilegt er að ályktun Alþingis kveði á um hvar í stjórnkerfinu á að vista áætlunina og hvernig framkvæmd og eftirfylgni hennar verður háttáð. Landshlutasamtökum sveitarfélaga er ætlað veigamikil hlutverk og því kann að vera nauðsynlegt að um starfsemi þeirra verði sett löggjöf. Bygðastofnun hefur mikla reynslu í að greina styrkleika og veikleika landshluta og hefði stýrihópurinn að ósekju mátt nýta sér þá þekkingu sem til er hjá stofnuninni. Hjá atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni hefur einnig safnast mikil þekking og reynsla.

Bygðastofnun lýsir vilja sínum til að aðstoða við undirbúning og framkvæmd sóknaráætlunar sem og einstakar svæðaáætlanir sem gerðar verða.

Virðingarfyllst

---

Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar